

2. Þar til ákvörðun hefur verið tekin um framtíðarstarfsemi Tjaldanesheimilisins í Mosfellssveit skal stjórn þess falin stjórnarnefnd ríkisspítalanna en heimilið rekið sem sjálfstæð stofnun að öðru leyti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. október 1985.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á Kárástíg frá Skólavörðustíg að Frakkastíg. Bifreiðastöður verða heimilaðar beggja vegna götunnar.
 2. Biðskylda verður á Lynghálsi gagnvart umferð um Stuðlaháls.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. þ. m.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. október 1985.

Sigurjón Sigurðsson.

SAMÞYKKT

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík,
nr. 2 7. janúar 1930.**

1. gr.

Við 46. gr., sbr. breytingar nr. 95 14. júlí 1958, nr. 468 22. október 1975, nr. 318 25. ágúst 1977 og nr. 482 27. júní 1983, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í Þingholtunum og á Skólavörðuhæð, á svæði, sem afmarkast af Snorrabraut, Laugavegi, Bankastræti og Lækjargötu, Fríkirkjuvegi, Sóleyjargötu og Hringbraut, skal hámarkshraði vera 30 km á klst.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. október 1985.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.